

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

LSBÍ

1. UM PERSÓNUVERNDARSTEFNUNA

Starfsemi lífeyrissjóða felst í að veita viðtöku, varðveita og ávaxta iðgjald frá sjóðfélögum, til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts. Í þessu felst meðal annars nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga og því á ábyrgð hvers lífeyrissjóðs að vinnslan sé í samræmi við lög og reglur.

Í persónuverndarstefnu þessari er mælt fyrir um þau markmið LSBÍ að vinnsla persónuupplýsinga sé hagað í samræmi grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. LSBÍ tekur réttindi einstaklinga alvarlega er varðar persónuupplýsingar þeirra og leggur sérstaka áherslu á að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Persónuverndarstefna LSBÍ byggir á ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga, og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Til samræmis við þetta eru í persónuverndarstefnunni útskýringar á því hvaða persónuupplýsingum sjóðurinn safnar og ástæðurnar sem búa þar að baki, hve lengi megi ætla að upplýsingarnar verði geymdar, hvert upplýsingunum kunni að verða miðlað og með hvaða hætti sé gætt að öryggi þeirra.

Sjóðurinn leggur áherslu á að hafa persónuverndarstefnu sína gagnorða, skýra og í einföldu máli.

2. UPPLÝSINGAR UM ÁBYRGÐARAÐILA

Í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga telst sá lögaðili ábyrgðaraðili, sem tekur ákvarðanir um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Í daglegum rekstri lífeyrissjóða koma til margvíslegar ástæður fyrir slíkri vinnslu.

LSBÍ, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, kt. 510169-4339, telst ábyrgðaraðili í þessum skilningi fyrir þeirri vinnslu sem fram fer vegna starfsemi hans. LSBÍ hefur starfsleyfi sem lífeyrissjóður skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfssemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, og sætir m.a. eftirliti Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 (sjá heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is). LSBÍ er skráður í fyrirtækjaskrá, firmaskrá og skrá Fjármálaeftirlitsins yfir lífeyrissjóði.

Frekari upplýsingar um starfsemi LSBÍ má finna á vefsíðu sjóðsins: arionbanki.is/lสบi

3. TEGUNDIR PERSÓNUUPPLÝSINGA

Þær tegundir persónuupplýsinga sem LSBÍ vinnur einkum með eru fjármála- og öryggisupplýsingar, almennar lýðupplýsingar og heilsufarsupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið nauðsynleg á grundvelli samnings við sjóðfélaga, ákvæði laga,

eða vegna lögmætra hagsmuna sjóðsins. Dæmi um vinnslur samkvæmt samningi getur verið vegna skráningar sjóðfélaga í sjóðinn eða skráningar á útgreiðslu inneignar sjóðfélaga. Á sjóðnum hvílir einnig lagaskylda til þess að eiga tilgreind persónugreinanleg gögn, s.s vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn peningabætti, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila eða annarra opinberra aðila. LSBÍ leggur mikla áherslu á að persónuupplýsingar séu fullnægjandi, viðeigandi og takmarkist við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni.

4. TILGANGUR OG HEIMILD FYRIR VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

Megintilgangur með vinnslu á persónuupplýsingum er að veita viðskiptavinum þá þjónustu sem óskað er eftir eða sjóðurinn býður upp á, til dæmis vegna framkvæmdar samnings eða til þess að uppfylla lagareglur sem gilda um þjónustuna eða vinnsluna.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga getur m.a. verið vegna framkvæmdar samnings, lagaskyldna sem hvíla á sjóðnum, t.d. samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og vegna lögmætra hagsmuna sjóðsins, einkum við að gæta öryggis upplýsingakerfa sinna og þeirra gagna sem þar er unnið með. Ef upplýsingum er aflað frá öðrum en einstaklingnum sjálfum er það gert samkvæmt umboði hans og upplýst hvaðan upplýsingarnar koma.

Ef LSBÍ hyggst vinna persónuupplýsingarnar frekar í öðrum tilgangi en þeim sem lá að baki söfnun þeirra, og þess sem fram kemur hér að ofan, verður viðkomandi aðili upplýstur um þennan nýja tilgang áður en sú vinnsla hefst, eftir því sem við á.

5. VARÐVEISLA GAGNA

Gögn eru geymd eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og skilmála samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma.

6. MIÐLUN PERSÓNUUPPLÝSINGA

LSBÍ mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema sjóðnum sé skylt samkvæmt lögum að afhenda persónuupplýsingar t.a.m til eftirlitsstofnana, löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem hafa heimild að lögum til að móttaka umræddar upplýsingar. Þá getur sjóðnum verið skylt að afhenda persónuupplýsingar ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita slíkar upplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu. Sjóðfélagi getur þó heimilað sjóðnum afhendingu persónuupplýsinga um hann. Upplýsingar eru eftir atvikum sendar til vinnsluaðila sem á grundvelli sérstaks vinnslusamnings vinnur persónuupplýsingar á vegum LSBÍ eða sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd LSBÍ. Þeir sem veita viðtöku upplýsingum um viðskipta- og/eða einkamálefni sjóðfélaga sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um LSBÍ.

7. ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA

Rík skylda hvílir á LSBÍ að gæta að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem sjóðurinn vinnur með. Þeirri skyldu gegnir sjóðurinn meðal annars með því að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, til dæmis hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær

Öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi, rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er viðhaft innra eftirlit með ofangreindu og áhættumat og viðbrögð endurskoðuð reglulega.

8. RÉTTINDI SJÓDFÉLAGA

Einstaklingur á rétt á að fara fram á að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra. Einnig á hann rétt á að andmæla vinnslu og fara fram á að gögn hans séu flutt. Þá hefur einstaklingur rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar.


9. FREKARI UPPLÝSINGAR

Hægt er að hafa samband við LSBÍ með ýmsum leiðum svo sem á netfanginu: lifeyrsthjonusta@arionbanki.is , með netspjalli á heimasíðu sjóðsins: www.arionbanki.is/lspi eða í síma 444-7000. Einnig er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa LSBÍ með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@arionbanki.is. Hlutverk persónuverndarfulltrúans er að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðar ESB nr. 2016/679. Sjá einnig nánar upplýsingar í kafla 2 um ábyrgðaraðila.

10. UPPFÆRSLA PERSÓNUVERNDARSTEFNU

Sjóðnum er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni. Allar breytingar á stefnunni verða birtar á vefsíðu sjóðsins: www.arionbanki.is/lspi

Reykjavík 23. ágúst 2018



The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is 'ÁRICA JÓHANNSDÓTTIR'. The middle signature is 'E. Guðni -'. The bottom signature is 'G. Ingvarsson'.